



Vigdís Finnbogadóttir gróðursetur 20 milljónustu Landgræðsluskóga-plöntuna í Smalaholti, með aðstoð Barböru Stanzeit. Mynd: Brynjólfur Jónsson



Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar og Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélag Reykjavíkur, undirrita nýjan samning um umsjón Heiðmerkurhluta Garðabæjar. Mynd: RF

# Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands 2013

**78. aðalfundur Skógræktarfélag Íslands var haldinn í Garðabæ dagana 23. -25. ágúst 2013 og mættu vel á annað hundrað fulltrúar skógræktarféлага víðs vegar af landinu á fundinn. Skógræktarfélag Garðabæjar var gestgjafi fundarins að þessu sinni. Fundarstjórar voru Sigurður Þórðarson, Skógræktarfélagi Garðabæjar og Valgerður Auðunsdóttir, Skógræktarfélagi Árnesinga, en fundarritarar voru Jens B. Baldursson, Skógræktarfélagi Akraness, og Sigurgeir Steingrímsson, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar.**

## Föstudagur 23. ágúst

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann fór í stuttu máli yfir starfsemi félagsins á því ári sem liðið er frá síðasta aðalfundi á Blönduósi, helstu verkefni þess og rekstur félagsins. Einnig minntist hann féлага og velunnara skógræktarhreyfingarinnar sem fallið höfðu frá milli funda.

Erla Bil Bjarnadóttir, formaður Skógræktarfélag Garðabæjar, steig því næst í pontu og bauð fundarmenn velkomna. Hún fór stuttlega yfir sögu félagsins en það fagnaði 25 ára afmæli í ár. Sagði hún einnig

frá helstu verkefnum félagsins og fór svo yfir það helsta sem framundan væri í skoðunarferð síðar um daginn.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, var næstur á mælendaskrá. Í ávarpi sínu kom hann inn á hlutverk frjálsra félagasamtaka og mikilvægi góðrar samvinnu við þau fyrir sveitarfélög, sem væri ástæða þess að Garðabær væri með samning við Skógræktarfélag Garðabæjar um ræktun og umhirðu skógræktarsvæða í bæjarlandinu og gerður yrði samningur við Skógræktarfélag Reykjavíkur um umhirðu Garðabæjarhluta Heiðmerkur.

Jón Loftsson skógræktarstjóri fjallaði um þá grósku sem væri í vexti skóga og þau tækifæri sem væru í skógrækt. Afurðir skóga væru farnar að gefa af sér tekiur og nefndi Jón þar sérstaklega samning Skógræktar ríkisins við Járnbliðið á Grundartanga um nýtingu viðar. Vinnu að nýrri heildarstefnu í skógrækt væri lokið og hafin væri löngu tímabær vinna að nýjum skógræktarlögum.

Að þessum ávörpum loknum fór Magnús Gunnarsson stuttlega yfir starfsskýrslu Skógræktarfélag Íslands, en hún lá frammi á fundinum. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Íslands,



Hólmfríður Sigurðardóttir segir frá ræktun foreldra sinna í Grænararði.  
Mynd: RF



Fundargestir fá sér hressingu í Sandahlíð, eftir gönguferð um Smalaholt. Mynd: RF

fór því næst yfir reikninga félagsins. Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs, fór svo yfir skýrslu sjóðsins.

Hulda Hauksdóttir, upplýsingafulltrúi Garðabæjar, hélt því næst stutta kynningu á bænum. Að erindi Huldu loknu voru fram komnar tillögur til ályktunar kynntar og þeim skipt í nefndir, en venju samkvæmt voru tvær nefndir, allsherjarnefnd og skógræktarnefnd, sem fóru yfir tillögurnar og fóru nefndastörf fram að loknum hádegisverði.

Að nefndastörfum loknum var haldið í vettvangsferð um Garðabæ og nágrenni á vegum Skógræktarfélags Garðabæjar. Byrjar var á því að heimsækja Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem Jón Gunnar Ottósson forstjóri tók á móti fundargestum og sagði þeim frá því helsta um stofnunina. Frá Náttúrufræðistofnun Íslands var haldið sem leið lá að Grænararði í Garðaholti, sem er fallegur skógarreitir sem hjónin Sigurður Þorkelsson og Kristín Gestsdóttir ræktuðu upp. Tók Hólmfríður Sigurðardóttir, dóttir þeirra hjóna, á móti fundargestum og sagði frá ræktuninni í reitnum. Eftir stutta göngu um reitinn var svo farið í Vífilstaðahlíð, þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur bauð upp á hressingu. Við þetta tækifæri undirrituðu einnig Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar og Þróstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, þjónustusamning milli Garðabæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur um Garðabæjarhluta Heiðmerkur. Fundargestir létu heldur vott veður ekkert á sig fá og nutu góðrar stundar í Vífilstaðahlíðinni.

## Laugardagur 24. ágúst

Dagskrá laugardagsins hófst með fræðsluerindum. Björn B. Jónsson, framkvæmdastjóri Suðurlands-skóga, fjallaði um eldvarnir á skógræktarsvæðum, Brynjólfur Jónsson sagði frá hugmyndum að skipulagi á Úlfjótuvatni, jörð Skógræktarfélags Íslands og skátahreyfingarinnar, Þráinn Hauksson landslagsarkitekt tók fyrir útivist og skógrækt í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og Gústaf Jarl Viðarsson skógræðingur fjallaði um Græna trefilinn og skógrækt í aðalskipulagi. Erla Bil Bjarnardóttir sagði því næst stuttlega frá skógræktar- og útivistarsvæðunum í Garðabæ. Því næst var sýnd ný stuttmynd um upphaf Landgræðsluskóga eftir Gísla Gestsson, kvikmyndargerðarmann og heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands.

Að loknum hádegisverði var haldið í skoðunarferð um skógræktarsvæðin í Garðabæ. Byrjað var í Smalaholti, þar sem frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, gróðursetti 20 milljónustu plöntuna innan Landgræðsluskógaverkefnisins, en hún setti einmitt niður fyrstu plöntu verkefnisins á sama stað árið 1990. Frá Smalaholti var svo gengið yfir að Sandahlíð, þar sem fundargestir söfnuðust saman og nutu veitinga og tónlistar í boði Skógræktarfélags Garðabæjar.

Um kvöldið var boðið til hátíðarkvöldverðar í safnaðarheimilinu Kirkjulundi, er hófst með fordrykk í boði umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Sá Skógræktarfélag Garðabæjar um kvöldvöku sem Guðni Ágústsson stýrði. Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra flutti ávarp og fjórir félagar í Skógræktarfélagi Garðabæjar voru heiðraðir fyrir



*Skoðunarferð um Smalaholt var hin skemmtilegasta. F.v. Einar Gunnarsson, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, Páll Samúelsson og Sigurður Karl Sigurkarlsson. Mynd: RF*



*Málin rædd í allsherjarnefnd. Mynd: Einar Örn Jónsson*

störf í þágu skógræktar, þau Barbara Stanzeit, Erla Bil Bjarnardóttir, Sigurður Björnsson og Sigurður Þorkelsson, en Hólmfríður dóttir hans var fulltrúi hans við þetta tilefni. Einnig voru þeim skógræktarfélögum sem áttu tugaafmæli á árinu færðar árnaðaróskir Skógræktarfélag Íslands. Tóku Dagur Jóhannesson, Skógræktarfélagi S-Þingeyinga og Jón Ragnar Örlygsson, formaður Skógræktarfélag Rangæinga, við skjali og myndarlegrri elriplöntu af því tilefni fyrir hönd síns félags, en fulltrúar frá öðrum afmælisfélögum áttu ekki heimangengt. Dagskráin endaði svo á balli fram á nótt.

### Sunnudagur 25. ágúst

Hefðbundin aðalfundardagskrá hélt áfram á sunnudag með afgreiðslu reikninga sem voru samþykktir samhljóða. Sjö tillögur að ályktunum voru bornar upp á fundinum, eftir umræður og meðferð í nefndum, auk einnar tillögu um breytingu á skipulagsskrá Landgræðslusjóðs, þess efnis að í stað þess að stjórn Skógræktarfélag Íslands kysi fulltrúa í stjórn Landgræðslusjóðs til þriggja ára í senn yrði kosið til eins árs í senn og var sú breyting samþykkt. Tveimur ályktunum var beint til stjórnar.

Samþykktar ályktanir á fundinum voru:

#### 1. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Garðabæ 23. - 25. ágúst 2013, skorar á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og innanríkisráðuneytið að halda áfram framkvæmd og fjármögnun gerð Græna stigsins ofan höfuðborgarsvæðisins allt frá Esjuhlíðum í norðri til Undirhlíða í suðri.

#### 2. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, fagnar stefnuýfirlýsingu um skógrækt á 21. öldinni gefinni út í febrúar á þessu ári og hvetur nýja ríkisstjórn til að efla skógarauðlindina á Íslandi.

Með því móti er hægt að ná fram ýmsum markmiðum sem ríkisstjórnin stefnir að, meðal annars auka atvinnutækifæri um land allt, efla verðmæta-sköpun, stuðla að nýsköpun og hlúa að vaxandi atvinnustarfsemi sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi.

#### 3. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, fagnar stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar um eflingu skógræktar og landgræðslu og viðurkenningu hennar á mikilvægi frjálsra félagasamtaka og sjálfbóðastarfs. Skógræktarfélag Íslands og skógræktarhreyfingin eru reiðubúin að vinna að ofangreindum málefnum með ríkisstjórninni.

#### 4. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Garðabæ 23.-25. ágúst 2013, hvetur Vegagerð ríkisins til að skoða möguleika þess og kosti að rækta skjólbelti til umferðaröryggis við þjóðvegi landsins. Skógræktarfélag Íslands er tilbúið til að veita faglega ráðgjöf varðandi skipulag og ræktun slíkra skjólbelta.

#### 5. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn í Garðabæ 23. - 25. ágúst 2013, beinir því til stjórn-





Hjónin Anna Sigríður Ólafsdóttir og Björn Már Ólafsson spila á flygíl og sög. Mynd: RF



Fyrirlesarar sitja fyrir svörum. F.v. Brynjólfur Jónsson, Björn B. Jónsson, Þráinn Hauksson og Gústaf Jarl Viðarsson. Mynd: RF



Heð er fyrir því að nýkjörin stjórn Skógræktarfélags Íslands haldi sinn fyrsta fund strax að aðalfundi loknum. Í stjórn og varastjórn sitja (f.v.) Guðbrandur Brynjólfsson, Gísli Eiríksson, Kristinn H. Þorsteinsson, Magnús Gunnarsson, Sigríður Heiðmundsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Sigrún Stefánsdóttir og Páll Ingþór Kristinsson. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, hefur einnig rétt til setu á fundum. Á myndina vantar Aðalsteinn Sigurgeirsson, sem var erlendis. Mynd: RF

valda að sett verði ný skógræktarlög hið fyrsta. Mikilvægt er að í lögunum verði ákvæði um að skógræktarútivistarsvæði á borð við Heiðmörk, Kjarnaskóg og sambærileg svæði njóti lagalegrar verndar á forsendum skógræktar til yndis og útivistar.

### Kosningar

Aðalsteinn Sigurgeirsson og Páll Ingþór Kristinsson áttu að ganga úr stjórn Skógræktarfélags Ísland, en gáfu báðir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru endurkjörnir einróma. Varamenn gáfu



Fjórir félagar í Skógræktarfélagi Garðabæjar voru heiðraðir fyrir störf sín í þágu skógræktar og voru það (f.h.) Barbara Stanzeit, Erla Bil Bjarnardóttir, Sígurður Björnsson og Sígurður Þorkelsson, en Hólmfríður dóttir hans tók við viðurkenningunni fyrir hans hönd. Færði Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, þeim viðurkenningar-skjal og blómvönd. Mynd: Hrefna Einarsdóttir

einnig allir kost á sér áfram og var varastjórn einnig endurkosin einróma, en í henni sitja Sigríður Heiðmundsdóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Jens B. Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, bauð fundargesti velkomna til aðalfundar á Akranesi að ári. Þá steig Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, í pontu og þakkaði öllum sem komu að fundinum með einum eða öðrum hætti og sleit honum síðan formlega.

Höfundur: RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR